



Gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks 2026

1. gr.

Upphæð gjalds

- Fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks, þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð, skal miðast við hálft almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.
- Fargjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs miðast við fullt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.
- Fargjald fyrir aðra farþega sem fylgja notanda er það sama og fyrir notanda, hvort sem er um fasta ferð eða tilfallandi ferð.

2. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

- Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.
- Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

3. gr.

Greiðslur til foreldra

Greiðslur sem samþykktar hafa verið til foreldra fatlaðra barna vegna aksturs í einkabílum eru samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands um kílómetragjald.

4.gr.

Gildistaka

- Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Gjaldskrá þessi gildir frá 1. mars 2025.

Samþykkt á 265 . fundi félagsmálaráðs 26. nóvember 2025

Samþykkt á 397. fundi sveitarstjórnar þann 11. desember 2025